

## Stjórnarfundur DA 4.7.2018

Mættir: Jón Helgi Björnsson, Drífa Valdimarsdóttir, Sigurður Böðvarsson, Steinþór Heiðarsson, Arnór Benónýsson, Áslaug Halldórsdóttir.

### Dagskrá

#### 1. Afsal lóðaréttinda við Útgarð 6-8

Komið hefur í ljós að þrátt fyrir að Leigufélagið Hvammur ehf. væri skráður eigandi Útgarðs 4, 6 og 8, Húsavík, í fasteignaskrá þjóðskrár og að reikningar Leigufélagsins og Dvalarheimilis aldraðra Húsavík hafi gengið út frá þeiri skráningu, þá er Dvalarheimilið aldraðra Húsavík, kennitala 570577-0349, þinglesinn eigandi eignanna Útgarðs 6, fnr. 232-5356 og Útgarðs 8, fnr. 232-5357. Augljóst er, að láðst hefur að klára eignayfirfærslu frá Dvalarheimilinu aldraðra Húsavík þegar afsal var gert á milli aðila um Útgarð 4, Húsavík, þann 17. desember 2009, sem innfært var í þinglýsingarbók 29. desember 2009, sjá skjal 1244, en eiganda engu að síður verið breytt í fasteignaskrá þjóðskrár vegna eignanna nr. 6 og 8, án þess að þeirra væri getið í afsalinu. Óumdeilt er, að bæði Leigufélagið Hvammur ehf. kt. 500209-1270 og Dvalarheimili aldraðra Húsavík sf., kt. 570577-0349, hafa hagað reikningsskilum sínum svo, að Útgarður 6 og Útgarður 8 væru eignir Leigufélagsins Hvamms ehf. Einnig hafa aðilar staðið í þeiri trú að svo væri, t.a.m. í viðræðum við aðila um kaup á Útgarði 6 og Útgarði 8. Stjórnir beggja félaganna (sem sama fólk skipar) eru því einhuga í að laga þetta og að eignunum verði afsalað frá Dvalarheimilinu aldraðra Húsavík sf. til Leigufélagsins Hvamms ehf. Fyrir fundinum liggur tillaga að slíku afsali og er hún samþykkt og árituð því til staðfestingar.

Samþykkt.

#### 2. Hjúkrunarrými – staða mála gagnvart ríkinu

Farið var yfir fund sem haldinn var með fulltrúum velferðarráðuneytisins þann 25. maí sl. Á þeim fundi kom fram skýr vilji ríkisins til þess að byggja allt að 60 hjúkrunarrými á Húsavík. Fundurinn var gagnlegur og stefnt er að næstu skref verði stigin í málínu að loknum sumarleyfum í ágúst. Lagt fram.

#### 3. Viðgerð á lyftu í Hvammi

Lyfta í Hvammi (tilheyrir Miðhvammi) sem þjónustuþegar DA nota daglega er í brýnni endurnýjunarpörf. Eftir mat á stöðunni er lagt til að í stað þess að leitað verði leiða til að lagfæra þessa 40 ára gömlu lyftu verði heldur farið í gagngera endurnýjun og tilboða leitað þess efnis. Framkvæmdastjóra falið að vinna málið áfram.

#### 4. Tillaga um framlög eignaraðila til viðhalds og afborgana

Jón Helgi lagði fram tillöðu að framlögum skv. fjárhagsáætlun 2018 og áætlaða skiptingu milli aðildarsveitarfélaga. Samtals yrðu framlög sveitarfélaganna 29.860.000,-. Stjórn samþykkir að leggja tillöguna fram á Aðalfundi DA 2018.

#### 5. Önnur mál

Undirritanir:

Steinþór Heiðarsson  
Drífa Valdimarsdóttir  
Sigurður Böðvarsson

Ólafur Halldórsdóttir  
Áslaug Halldórsdóttir